



Nefndarsvið Alþingis
b.t. Velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. nóvember 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um félagafrelsi á vinnumarkaði

Fagfélögin skiluðu umsögn um frumvarp til laga um félagafrelsi á vinnumarkaði þegar það var lagt fram fyrir um ári síðan. Frumvarið hefur nú verið lagt fram aftur í nær óbreyttri mynd og vilja félögin áréttta þær athugasemdir sem fram koma í fyrri umsögn sinni um málið:

1. Frumvarpið varðar grundvallarréttindi launafólks og felur í sér verulegt inngríp í gildandi kjarasamninga. Þá er ljóst að frumvarpið felur í sér beina aðför að samstöðu og réttindabaráttu launafólks á íslenskum vinnumarkaði. Í því sambandi má nefna að breytingar frumvarpsins fela í sér lakari vernd launafólks sem lendir í veikindum og slysum og kýs að standa utan stéttarféлага. Verði frumvarpið að lögum er skylda atvinnurekenda til að greiða í sjúkrasjóði stéttarféлага ekki lengur fortakslaus. Þar er gert ráð fyrir því að stéttarfélög geti neitað að taka við greiðslu fyrir hönd starfsmanns sem stendur utan stéttarféлага og er atvinnurekanda þá skylt að tryggja starfsmanninum greiðslu dagpeninga og slysabóta vegna veikinda sem vara lengur en veikindaréttur hans samkvæmt kjarasamningi. Slík trygging myndi þá fara eftir skilmálum hvers tryggingafélags fyrir sig en það fyrirkomulag getur með engu móti tryggt samræmi í réttindum launafólks að þessu leyti eins og núgildandi löggjöf felur í sér.
2. Þá ber að nefna að þó svo að frumvarpið feli í sér bann við mismunun á grundvelli stéttarfélagasáðildar hvað varðar ráðningar og uppsagnir launafólks, er ekki útilokað að sú tilhneiging geti skapast meðal atvinnurekenda að ráða frekar til sín fólk sem kýs að standa utan stéttarféлага. Sú þróun hefur sést í ríkjum sem hafa lágt hlutfall launafólks í stéttarfélögum og við berum okkur gjarnan saman við. Fagfélögin telja að erfitt geti reynst að tryggja réttindi samkvæmt þessu ákvæði frumvarpsins, verði það að lögum, þar sem atvinnurekendur á almennum vinnumarkaði hafa í raun sjálfðæmi um hverja þeir ráða til sín í vinnu.
3. Á Íslandi hvílir engin lagaskylda á launafólki til að eiga aðild að stéttarfélagi heldur er beinlínis gert ráð fyrir því í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 og lögum ASÍ að launafólk geti staðið utan stéttarféлага. Í lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda er kveðið á um greiðsluskyldu atvinnurekenda í sjóði stéttarféлага og til að halda eftir af launum starfsmanns, iðgjaldi til viðkomandi stéttarfélags eftir þeim kjarasamningi sem á við hverju sinni. Hvorki Íslenskir dómstólar né Mannréttindadómstóll Evrópu hafa komist að þeirri niðurstöðu að greiðsluskyldan feli í sér brot á félagafrelsi.
4. Mikilvægasta vopn verkalyðshreyfingarinnar í kjarabaráttu við atvinnurekendur þegar viðræður sigla í strand er lögbundinn réttur hennar til að gera verkföll. Verkfallsrétturinn er sameiginlegur réttur alls þess launafólks sem þiggur laun og starfskjör eftir sama kjarasamningi.

Samkvæmt dómafrankvæmd Félagsdóms taka verkföll með lögmætum hætti til ófélagsbundinna sem taka laun eftir þeim kjarasamningi sem kjaradeila snýst um. Frumvarpinu er ætlað að breyta þessu fyrirkomulagi þannig að verkföll taki einungis til félagsfólks viðkomandi stéttarfélags sem stendur að baki þeim kjarasamningi sem deilt er um. Fagfélögin leggjast alfarið á móti þessari breytingu og telja hana vera til þess fallna að veikja samstöðu launafólks þegar kemur að kjaradeilum

Að öðru leyti ítreka Fagfélögin það sem fram kemur í umsögn sinni frá 6. desember 2022 og umsögn ASÍ um málið frá 5. desember 2022. Fulltrúar Fagfélaganna eru jafnframt reiðubúnir til að koma á fund velferðarnefndar til að ræða efni frumvarpsins og þær athugasemdir sem fram koma í umsögn þessari. Þá kalla félögin eftir auknu samráði og samstarfi við stjórnvöld vegna mála sem snúa að stéttarfélögum og vinnumarkaðnum.

Hjálagt er umsögn Fagfélaganna frá 6. desember 2022.

Virðingarfyllst, f.h. Fagfélaganna



Elsa María Rögnvaldsdóttir
Lögfræðingur



Nefndarsvið Alþingis
b.t. Velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. desember 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um félagafrelsi á vinnumarkaði (24. mál)

MATVÍS, Rafiðnaðarsamband Íslands, VM - félag vélstjóra og málmáttækna manna og Samiðn samband iðnfélaga, (hér eftir nefnd „Fagfélögin“) senda sameignlega frá sér eftirfarandi umsögn.

1. Almenn

Hér á landi er stéttarfélagsaðild hvergi meiri meðal OECD ríkja eða um 92%. Þetta háa hlutfall stéttarfélagsaðildar hefur styrkt réttarstöðu launafólks og samningstöðu þeirra gagnvart atvinnurekendum. Þau atriði sem lagt hafa grunninn að þessu fyrirkomulagi á íslenskum vinnumarkaði eru einkum forgangsréttarákvæði í kjarasamningum, lagaákvæði um verkföll og greiðsluskylda í stéttarfélög. Þessi sérstaða íslenskrar vinnulöggjafar hefur þótt öfundsverð meðal verkalyðshreyfinga víða um heim.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um félagafrelsi á vinnumarkaði, sem nú liggur fyrir Alþingi, kemur fram að meginmarkmið þess sé að tryggja rétt launafólks til að velja sér stéttarfélag, leggja bann við forgangsréttarákvæðum í kjarasamningum, auka rétt launafólks til að standa utan verkfalla og afnema greiðsluskyldu ófélagsbundins launafólks.

Færa má veigamikil rök fyrir því að frumvarpið feli í sér beina aðför að samtakamætti launafólks á íslenskum vinnumarkaði. Í því sambandi má nefna að breytingar frumvarpsins fela í sér lakari vernd launafólks sem lendir í veikindum og slysum og kýs að standa utan stéttarféлага. Samkvæmt núgildandi löggjöf er sú skylda lögð á atvinnurekendum á almennum vinnumarkaði að greiða 1% iðgjald í sjúkrasjóði stéttarféлага til að standa undir greiðslum sjúkradagpeninga til launafólks sem tæmt hefur veikindarétt sinn samkvæmt kjarasamningum, sbr. 6. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980 og 7. gr. laga um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms og slysaforfalla nr. 19/1979.

Verði frumvarpið að lögum er skylda atvinnurekenda til að greiða í sjúkrasjóði stéttarféлага ekki lengur fortakslaus. r. Þar er gert ráð fyrir því að stéttarfélög geti neitað að taka við greiðslu fyrir hönd starfsmanns sem stendur utan stéttarféлага og er atvinnurekanda þá skylt að tryggja starfsmanninum greiðslu dagpeninga og slysabóta vegna veikinda sem vara lengur en veikindaréttur hans samkvæmt kjarasamningi. Þannig er atvinnurekendum gert kleift að kaupa tryggingu til að standa undir greiðslum sjúkradagpening til starfsfólks. Slík trygging myndi þá fara eftir skilmálum hvers tryggingafélags fyrir sig en það fyrirkomulag getur með engu móti tryggt samræmi í réttindum launafólks að þessu leyti eins og núgildandi löggjöf felur í sér

Þá má nefna að þrátt fyrir 3. gr. frumvarpsins, sem felur í sér bann við mismunun á grundvelli stéttarfélagsaðildar hvað varðar ráðningar og uppsagnir launafólks, er ekki loku fyrir það skotið að sú tilhneiging geti skapast meðal atvinnurekenda að ráða frekar til sín fólk sem kys að standa utan stéttarféлага. Sú þróun hefur sést í ríkjum sem hafa lágt hlutfall launafólks í stéttarfélögum og við berum okkur gjarnan saman við. Fagfélögin telja að erfitt geti reynst að tryggja réttindi samkvæmt þessu ákvæði frumvarpsins, verði það að lögum, þar sem atvinnurekendur á almennum vinnumarkaði hafa í raun sjálfðæmi um hverja þeir ráða til sín í vinnu.

2. Aðildarskylda að stéttarfélögum ekki til staðar í íslenskum rétti

Samkvæmt stjórnarskrá má engan skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra. Engin lagaskylda hvílir á launafólki á Íslandi til að eiga aðild að stéttarfélagi heldur er beinlinis gert ráð fyrir því í lögum um stéttarfélag og vinnudeilur nr. 80/1938 að launafólk geti staðið utan stéttarféлага. Lög ASÍ leggja einnig bann við því að lög aðildarféлага kveði á um skylduaðild, sbr. 2. mgr. 12. gr. laganna sem er svohljóðandi „Í samþykktum aðildarféлага mega ekki vera ákvæði um félagsskyldu né ákvæði sem takmarka aðild að félögum með tilliti til búsetu og lögheimilisfesti.“

Í lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda er kveðið á um greiðsluskyldu atvinnurekenda í sjóði stéttarféлага og til að halda eftir af launum starfsmanns, iðgjaldi til viðkomandi stéttarfélags eftir þeim kjarasamningi sem á við hverju sinni. Gjald það sem atvinnurekandi heldur eftir af launum starfsfólks samkvæmt ákvæðinu má líta á sem greiðslu fyrir þá þjónustu stéttarféлага sem felst m.a. í gerð kjarasamninga sem gilda fyrir launafólk í ákveðinni starfsgrein óháð félagsaðild. Greiðsluskyldan felur ekki í sér brot á félagafrelsi og hafa hvorki íslenskir dómstólar né Mannréttindadómstóll Evrópu komist að þeirri niðurstöðu. Þannig hefur þetta fyrirkomulag fest sig í sessi og lagt grunninn að sterkri stöðu launafólks hér á landi.

3. Forgangsréttarákvæði í kjarasamningum

Forgangsréttarákvæðum í kjarasamningum er einkum ætlað að stuðla að félagsaðild og öryggi launafólks á vinnumarkaði. Forgangsréttarákvæði eru af mörgum talin sterkasta vopn stéttarféлага í verkalyðsbaráttunni.

Varðandi lögmæti forgangsréttarákvæða má benda á það sem fram kemur í álitni stjórnarskrárnefndar vegna breytinga á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar árið 1995: „Sérstök ástæða er til að nefna að svonefnd forgangsréttarákvæði, þegar í kjarasamningum er samið um að félagsmenn viðkomandi stéttarfélags skuli hafa forgang til vinnu á félagssvæði þess, leiða ekki af sér félagsskyldu af þeim toga sem fyrri málsliður 2. mgr. tekur til“. Dómaframkvæmd hér á landi hefur einnig staðfest að forgangsréttarákvæði í kjarasamningum standist lög.¹

Í Greinargerð með frumvarpinu er tekið fram að draga megj þá ályktun af dómi Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Sörensen og Rasmussen gegn Danmörku að forgangsréttarákvæði megj leggja að jöfnu við skylduaðildarákvæði, sem talin eru brjóta

gegn félagfrelsisákvæði 11. gr. MSE. Þessa ályktun telja Fagfélögin ranga þar sem dómurinn tekur einungis til skylduaðildarákvæða en ekki forgangsréttarákvæða.

¹ Félagisdómur hefur margsinnis fjallað um lögmæti forgangsréttarákvæða í kjarasamningum sjá t.d. mál 1/1945 (II:146), 4/1974 (VII:255), 10/1975 (VII:1) og 17/1997 (XI:166).

Varðandi lögmæti forgangsréttarákvæða í kjarasamningum vísast að öðru leyti til umsagnar ASÍ um frumvarpið.

4. Lagaheimildir um verkföll

Samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 hafa stéttarfélög, félög atvinnurekenda og einstakir atvinnurekendur heimild til að gera verkföll og verkbönn í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna sinna. Samkvæmt sömu lögum nær heimild til að fara í verkföll til allra sem heyra undir þann kjarasamning sem kjaradeila snýst um.

Frumvarpinu er ætlað að breyta þessu fyrirkomulagi þannig að verkföll taki einungis til félagsfólks viðkomandi stéttarfélags sem stendur að baki þeim kjarasamningi sem deilt er um. Lagaheimildir til að gera verkföll eru mikilvægasta vopn verkalýðshreyfingarinnar í kjarabaráttu við atvinnurekendur þegar viðræður sigla í strand. Verkfallsrétturinn er sameiginlegur réttur alls þess launafólks sem þiggur laun og starfskjör eftir sama kjarasamningi. Samkvæmt dómaframkvæmd Félagsdóms taka verkföll með lögmætum hætti til ófélagsbundinna sem taka laun eftir þeim kjarasamningi sem kjaradeila snýst um.²

Fagfélögin leggjast alfarið á móti þessari breytingu og telja hana vera til þess fallna að veikja samtakamátt launafólks þegar kemur að kjaradeilum. Með þessari breytingu er verið að svipta launafólk sem stendur utan stéttarfélaga möguleika á að taka þátt í verkföllum með þeirri starfsstétt sem það tilheyrir. Hér er því um að ræða ólögmætt inngrip stjórnvalda í starfsemi stéttarfélaga.

5. Að lokum

Frumvarpið varðar grundvallarréttindi launafólks og felur í sér verulegt inngrip í gildandi kjarasamninga. Þá ber að gagnrýna þá framgöngu flutningsmanna frumvarpsins að setja það á dagskrá á sama tíma og kjarasamningar á almennum vinnumarkaði eru að renna út og án samráðs við verkalýðshreyfinguna. Þá vilja félögin taka undir það sem fram kemur í umsögn ASÍ um að meðferð þingsins á frumvarpinu hafi ekki verið í samræmi við ráðleggingar Félagafrelsisnefndar Alþjóðavinnuáráðs Íslandis.³

Fulltrúar Fagfélaganna eru reiðubúnir til að koma á fund velferðarnefndar til að ræða efni frumvarpsins og þær athugasemdir sem fram koma í umsögn þessari. Þá kalla félögin eftir auknu samráði og samstarfi við stjórnvöld vegna mála sem snúa að stéttarfélögum og vinnumarkaðnum.

Virðingarfyllt, f.h. Fagfélaganna

Elsa María Rögnvaldsdóttir

Elsa María Rögnvaldsdóttir
Lögfræðingur

² Sjá niðurstöður félagsdóms í málum nr. 4/1987 og 19/2019.

³ Sjá samantekt nefndarinnar um félagafrelsi: [Compilation of decisions of the Committee on Freedom of Association](#) og umfjöllun í umsögn ASÍ um frumvarpið.